



GRUNNMYND 1. HÆÐAR




GRUNNMYND RISHÆÐAR

- Skýringar - grunnmyndir
- G4 Gólfhurfall
  - LR Loftbræðing úr rými
  - ⊕R Reykubryggt
  - HSL Handstökublaði
  - RT Rahnagsstafla
  - BO Björgunarpopp



SNEIÐING



AFSTÖÐUMYND 1:500

**Byggingarlýsing viðbyggingar:**

Botnplata og sökklar eru steyptrí. Einangrun undir botnplötu er 100 mm plast (24 kg/m<sup>3</sup>) sem skal einnig einangra með innan á sökkla. Útveggir eru timburgrind 12 x 12 cm. Utan á grind er klætt með 12mm krossviði, 12mm lóðréttum loftunarlustum og 25 mm láréttri vatnslæðningu. Einangrun í útveggjum er 12 cm steinull. Sperrur eru 12 x 15 cm. Einangrað er milli sperra með 12 cm steinull, yfir henni er 25 mm loftunarbíl. Klætt er á sperrur með 2.5 x 15 cm borðum, þakpappa og bárujárni. Allur frágangur verður með sama hætti og á núverandi húsi. Gluggar eru af sömu gerð og aðrir gluggar í húsinu, með miðpósti og tveimur þriggja rúðu fögum. Viðbygging verður máluð í sama lit og húsið. Loft og veggir er klætt að innan með gípsi.

**Undanþága frá algildri hönnun:**

Sótt er um undanþágu frá ákvæðum um algilda hönnun fyrir viðbyggingu, vegna aldurs og gerðar húss.

**Stærðir (með viðbyggingu):**

- Brúttóflatarmál 154,8 m<sup>2</sup>
- Brúttórúmmál er 335,9 m<sup>3</sup>
- Lóðarstærð er 1285,1 m<sup>2</sup>
- Nýtingarhlutfall er 0,12

**Stærð viðbyggingar:**

- Brúttóflatarmál 14,9 m<sup>2</sup>
- Brúttórúmmál 43,1 m<sup>3</sup>

**Aðalstræti 66 (Indriðahús) - greinargerð**

Núverandi iðubórhús við Aðalstræti 66 er byggt 1842 og er því fríðað. Ekki er verið að sækja um breytingar á hinu upprunalega húsi sem hefur við endurgerð verið fært nær sínu upprunalega útliti á mjög vandaðan hátt og samkvæmt þeim kröfum sem eiga við um fríðaðar byggingar.

Teikningar af upprunalegu húsi sýna hvernig húsið lítur út í dag og er því um raunteikningar að ræða en húsið var mælt upp og teiknað fyrir styrk úr Húsafríðunarsjóði af Finni Birgissyni arkitekt árið 1993. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsdeild Akureyrar eru ekki til neinar teikningar af Aðalstræti 66.

**Frankvæmdir sem sótt er um:**

Sótt er um heimild til að byggja viðbyggingu vestan megin við húsið sem er 14.9m<sup>2</sup> brúttó og 12.9m<sup>3</sup> nettó. Verður viðbyggingin byggð samkvæmt kröfum um viðbyggingar við fríðað hús og að öllu leyti í samræmi aldur og gerð hins upprunalega húss. Frágangur og efnisval verður að öllu leyti í samræmi við frágang á hinu fríðaða húsi. Haft verður samráð við Minjastofnun varðandi þann þátt.

**Byggingarlýsing núverandi húss:**


Aðalstræti 66, reist 1842, er einhyft timburhús með krossreistu þaki, 9,53 m að lengd og 6,91 m á breidd. Miðjukvistur með rispaki gengur fram úr framhlíð hússins. Bakdyraskúr með skúrþaki er við bakhlíð. Húsið stendur á steinsteypum sökkli og veggir eru klæddir strikaðri og plægðri vatnslæðningu. Þök eru bárujárnsklædd og á vestrhlíð er kvistur með skúrþaki og sex rúðu glugga með miðpósti.

Húsið er reist af bindingsverki úr 5x5" trjám, gólf, veggir og þak. Einangrað er í grind með 5" steinull, rakavarnarlag er innan á veggstoða og neðan á sperrum, þá rafiagnagrind og plötuklæðning eða panelborð. Utan á grind er klætt með gípsplötum, 12 mm loftunarlustum og yst er lárétt plægð og strikuð vatnslæðning.

Tíu sex rúðu gluggar með miðpósti eru á húsinu; þrjú á framhlíð, þar af einn á miðjukvist, þrjú á hvorum stafni og einn á bakhlíð. Á hvorum stafni eru að auki tveir fjögurra rúðu gluggar og einn tveggja rúðu gluggi efst. Utill gluggi er á vestrhlíð skúrs. Útidyr eru á miðjukvist og bakdyr á bakhlíð og á norðurgalli skúrs.

Inn af dyrum er forstofa og gangur þvert í gegnum húsið að bakdyraskúr. Stofa er í suðurenda hússins og herbergi og eldhús í norðurenda. Baðherbergi er í bakdyraskúr. Stigi er í eldhúsi og upp af honum framloft og snyting. Af framlofti er opið inn í suðarherbergi við suðurgall en herbergi er við norðurgalli. Veggir herbergjum á jarðhæð eru plötuklæddir og þeim er loft á bitum en panelklædd súð í bakdyraskúr. Súð á efri hæð er klædd strikuðum borðum neðan á sperrum, veggir á efri hæð ymist klæddir strikuðum panelborðum, plötum eða upprunalegu listuðu standþili.

A:	
B:	5472
verk:	Aðalstræti 66
efni:	Grunnmyndir, snið, afstaða
staðgreinir:	6000-1-00310660
landnúmer:	147013
mælikvarði:	1:100 / 1000
frumstærð blaðs:	A2
teiknað:	AMR / GEJ
yfirfarið:	RK
Skráarheiti:	
verknr.:	16-008
dagsetn. útgáfu:	7.11.2016
endurskoðað:	



**VERKSÝN ehf**

Síðumúla 1 108 Reykjavík S: 5176300 kt:550106-1360

Nafna hönnuðar / hönnunarsjóðar:  
Reynir Kristjánsson, byggingarfræðingur þf.  
kt. 100361-4776

**VERKSÝN**

**A-101**

Þessi teikning er útgáfa af undirrituðum fyrir hönd eigna- og höfundarrettar, Verksýn ehf. Teikningu þessa má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis bifundar.